

Um Fernando Sorrentino

Um sjálfan sig segir Fernando Sorrentino á heimasíðu sinni:¹

Ég fæddist í Buenos Aires 8. nóvember 1942.

Mestum hluta æsku- og unglingsáranna eyddi ég á gráleitum ferhyrningi sem takmarkaðist af breiðstrætunum Santa Fe, Juan B. Justo, Córdoba og Dorrego.

Sem ungur maður vann ég skrifstofustörf. Á fullorðinsárum, starfaði ég lengi sem bókmennta- og móðurmálskennari á framhaldsskólastigi. Ég hef notið velvildar nemenda og samkennara. Ég lít á það sem staðfestingu á því að ég sé ágætur náungi.

Í frístundum hef ég reynt að lesa og gert tilraun til að skrifa. Ég er næmur á ljóðræna fegurð en mig skortir alla færni til hefðbundinnar ljóðagerðar. Ég fargaði ljóðum mínum frá fyrri árum án nokkurrar sektarkenndar eða eftirsjár. Mér þótti ekki tilhlýðilegt að bæta á ljótleika heimsins.

Hins vegar er ég nokkuð sáttur við prósatextana mína. Samkvæmt áreiðanlegum heimildum er þar að finna forvitnilega blöndu fantasíu og kímni, sem á stundum er framreidd á mörkum þess gróteska og trúlega.

Alla jafna líður mér vel með sjálfum mér. Ég er algerlega laus við þá löngun að tilheyra bókmenntafélögum, málefnaþópum eða klúbbum sem snúast um gagnkvæma viðurkenningu. Ég gengst þó við því að tilheyra áhangendahópi knattspyrnufélagsins Avellaneda.

1 Hólmfríður Garðarsdóttir þýddi.

Ég er hrifnari af því að lesa en skrifa og í raun skrifa ég lítið. Eftir fjörutíu ára rithöfundaferil liggur ekkert sérstaklega mikið eftir mig.

Eins og flestum öðrum hafa mér áskotnast nokkur bókmenntaverðlaun.

Þegar öllu er á botninn hvolft er ég nokkuð sáttur.

F.S.